

Erasmus+ Starfsmenntun



Nám og þjálfun

Fyrir hverja?

Starfsmenntaskólar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á sviði starfsmenntunar og taka á móti nemum í starfsþjálfun geta sótt um náms- og þjálfunarstyrki fyrir nemendur sína, nýútskrifaða nemendur og starfsfólk sem starfar á sviði starfsmenntunar og þjálfunar.

Til hvers?

Erasmus+ veitir **nemendum** í starfsmenntaskólum og **nemum á samningi** tækifæri til að fara í náms- og þjálfunarferðir og starfsnám hjá skólum, fyrirtækjum og stofnunum í Evrópu í 2 vikur til 12 mánuði. Námið/þjálfunin skal vera hluti af námi viðkomandi nemanda og metið sem slíkt að dvöl lokinni.

Einnig veitir Erasmus+ starfsfólki í starfsmenntun tækifæri til að sinna gestakennslu og starfsþjálfun hjá samstarfsaðilum, s.s. með starfskynningum eða skipulögðum heimsóknum til starfsmenntastofnana í öðru landi.

Styrkupp hæðir

Starfsmenntaskólar, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um ferða- og upphaldsstyrki fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur sem dvelja 3 vikur eða lengur erlendis geta fengið aðgang að rafrænu tungumálanámskeiði. Hægt er að sækja um skipulagsstyrk fyrir umsjón verkefna og styrk vegna viðbótarkostnaðar fyrir þátttöku fatlaðra einstaklinga.

Umsóknarfrestur 2018

✓ 1. febrúar

Skólar, fyrirtæki og stofnanir senda inn umsókn til Landskrifstofu Erasmus+. Nemendur og starfsfólk sækja um styrki beint til sinna stofnana.

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is

Erasmus+ Starfsmenntun

Samstarfsverkefni

Fyrir hverja?

Stofnanir sem starfa á sviði starfsmenntunar geta sótt um styrki til að vinna samstarfsverkefni með samstarfsaðilum í öðrum Evrópulöndum. Um er að ræða skóla, háskóla, fyrirtæki, aðila vinnumarkaðar, opinbera aðila, rannsóknarstofnanir, félagasamtök og stofnanir sem sinna náms- og starfsráðgjöf.

Til hvers?

Samstarfsverkefni veita starfsmenntastofnunum og öðrum aðilum sem sinna starfsmenntun tækifæri til að þróa eða prófa nýjar aðferðir eða leiðir í starfsmenntun í samstarfi við samstarfsaðila í a.m.k. tveimur öðrum þátttökulöndum Erasmus+.

Styrkt verkefni skulu styðja við evrópsk markmið í starfsmenntun og geta m.a. snúið að því að auka gæði kennslu, þróa nýjar námskrár eða námsbrautir, aðgerðum til að efla samstarf atvinnulífs og skóla, eða hindra brottfall nemenda.

Samstarfsverkefni geta ýmist stuðlað að nýsköpun eða gefið þátttökulöndum tækifæri til að skiptast á reynslu og þekkingu.

Styrkupp hæðir

Verkefni geta varað í 12 til 36 mánuði og er hámarksstyrkur 150.000 evrur á ári. Hægt er að sækja um styrk fyrir verkefnisstjórn, til að greiða starfsmannakostnað, ferðastyrk til að sækja verkefnisfundi og vegna ferða nemenda/ starfsfólks á vinnustofur erlendis.

Umsóknarfrestur 2018

✓ 21. mars

Sá aðili sem leiðir verkefnið sækir um fyrir allan samstarfshópinn til Landskrifstofu Erasmus+ í sínu landi.

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is



Erasmus+